

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ Hafnarfjarðar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ Hafnarfjarðar.

Skipulagssvæðið afmarkast frá Norðurbakka af Reykjavíkurvegi, Austurgötu, Brekkugötu 8, Suðurgötu frá nr. 11 að nr. 28, meðfram Vesturhamri í suðurlóðarmörkum Strandgötu 50a, í áttina að strandlínunni og vestan við göngustíg meðfram sjávarkambinum að Reykjavíkurvegi. Deiliskipulag þetta kemur í staðinn fyrir deiliskipulag sem staðfest var af ráðherra 19. september 1983 með síðari breytingum, fyrir þetta skipulagssvæði.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 5. október 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.